

Starfsáætlun 2020 - 2021

Heilsuleikskólinn Urðarhóll Næring – Hreyfing - Sköpun



Nóvember 2020

Sigrún Hulda Jónsdóttir, leikskólastjóri

Efnisyfirlit – Skólastarf

Inngangur	3
Um leikskólann	3
Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými	3
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	3
Heimsmarkmið	3
Lýðræði og jafnrétti	3
Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur	3
Skólastarfið – aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla	3
Heilbrigði og vellíðan	4
Sköpun og menning	4
Sjálfbærni og vísindi	4
Læsi og samskipti	4
Dagskipulag	4
Menningarviðburðir	4
Kynning á leikskólanum	4
Foreldrasamstarf	4
Stefna og áherslur	4
Foreldraráð	4
Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna	4
Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi	4
Foreldrafélag	5
Starfsmenn	5
Starfsmannastefna	5
Áherslur í samstarfi	5
Samsetning starfsmannahópsins	5
Samstarf við grunnskóla	5
Samstarf við aðra	5
Mat og matsaðferðir	5
Börn	5
Sérkennsla	6
Starfsfólk	6
Forráðamenn	6
Öryggismál	6
Öryggisnefnd	6
Áfallaráð	6

Skólastarfið

Inngangur

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans.

Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans.

Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Um leikskólann

Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Skólatröð (170 fm²) var opnuð 1995 og er fyrir 26 börn, Stubbasel (127 fm²) kom inn í reksturinn 1997 og er fyrir 19 börn og Urðarhóll (630 fm²) var byggður árið 2000 fyrir 86 börn í ár þar sem fækkað var í húsinu vegna aldurs samsetningar barnahópsins. Eldri húsin tvö Skólatröð og Stubbaseli eru með mörgum herbergjum en Urðahóll er með stórum opnum sameiginlegum rýmum

Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur

Hugmyndafræðin sem unnið er eftir í Heilsuleikskólanum Urðarhóli er samkvæmt Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur, lögum um leikskóla, Aðalnámsskrá leikskóla, Námskrá Kópavogs, Umhverfisstefnu leikskóla Kópavogs og heiltæk skólastefna. Skólanámsskrá Heilsuleikskólans Urðarhóls byggir á því að hafa heilsu og vellíðan barnanna í fyrirrúmi.

Markmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun.

Í Heilsuleikskólanum Urðarhóli er unnið með áherslu á heilsufar barnanna samkvæmt Heilsustefnunni sem var mótuð hér í skólanum þ.e. í Skólatröð á árunum 1995 – 1996 og eru 25 leikskólar víðsvegar um landið sem starfa samkvæmt þeirri stefnu í dag. Við teljum að auka megi gleði og vellíðan barnanna með hollum mat, mikilli hreyfingu og útiveru. Einnig að sköpun sé góð aðferð til að fá útrás fyrir tilfinningar sínar með söng, leiklist, dansi og fá að skapa óhindrað úr verðlausum og opnum efnivið.

Í hreyfiþættinum er lögð áhersla á að auka samhæfingu, jafnvægi, kraft og þor. Auk þess að efla vitneskju um líkamann, styrkja sjálfsmynd, stuðla að betri hreyfifærni, auðvelda samskipti og læra hugtök.

Varðandi næringuna er lögð áhersla á að hafa sem minnst af viðbótar fitu, sykri og salti í matnum, lögð er áhersla á mikilvægi fæðuhringsins og matarhefðir í hávegum hafðar. Öll börn fá lýsi sem viðbót við fæðuna til að fyrirbyggja skort á D vítamíni. Í Urðarhóli bjóðum við uppá ferskmeti sem unnið er hér á staðnum.

Lögð er áhersla á sköpun til að örva tjáningu, auka hugmyndaflug, sköpunargleði og að kynnast mismunandi efniviði og handfjatla hann, einnig að skynja fegurð í umhverfinu. Í starfi skólans er reynt að hafa einfaldleikann í fyrirrúmi og að njóta líðandi stundar.

Allt er þó með ákveðnu skipulagi, sem sveigt er til, ef það má verða til þess að auka gleði og vellíðan. Auk þeirra þriggja þátta sem fyrr er greint frá, er lögð áhersla á að svefnþörf barnanna sé fullnægt í skólanum. Áherslupættirnir þrír eru alltaf til staðar í hugsun og vinnu kennaranna.

Skólastarfið – aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla

Eins og fram kemur í Aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir menntunar settir fram sem sex þættir læsi, heilbrigði og velferð, sjálfbærni, sköpun, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti. Grunnþættirnir tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim skapast heildarsýn um skólastarfið. Þeir byggja á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti ekki bara í nútíma heldur líka fyrir komandi kynslóðir. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði, mannréttindi, heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar.

Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hvernig það þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Með því að nota orðin og orðasamböndin sjálfbærni, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun er ekki endilega verið að móta nýjar námsgreinar eða ný námssvið heldur eru orðin notuð til vísbendingar um námsefni og viðhorf sem leggja skal áherslu á. Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að fá barnið til að hafa áhrif á starfið, það finni að á það sé hlustað, læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlist samkennd. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast

á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis.

Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

Grunnþættir menntunar eiga að vera sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og fléttast inn í starfið. Námssvið leikskóla taka mið af grunnþáttunum og byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum.

Námssvið leikskólans - Samþætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá kennurum. Góður tími er gefinn fyrir leikinn í skólanum og er reynt að láta sjálfsprottna leikinn hafa nægan tíma í skólastarfinu, þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín með þau leikefni sem eru í boði, bæði inni og úti. Allt starf leikskólans byggir á því að börn læra best í gegnum leik. Námssvið leikskóla; **læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning** eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans. Markmið og leiðir má finna í skólanámskrá Urðarhóls.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Hér í Heilsuleikskólanum Urðarhóli leggjum við ríka áherslu á næringu og hreyfingu. Við höfum okkar næringarstefnu þar sem við erum með matseðla sem eru gefnir út af samtökum heilsuleikskóla og byggja á viðmiðum Embætti landlæknis um næringarþörf barna. Við nýtum okkur bragðlaukaþjálfun þ.e. að kynna ýmsa fæðu, áferð og bragð fyrir börnunum og hvetjum þau ávalt til að smakka allt. Lýsi er gefið daglega þar sem landlægur skortur er á D vítamíni á Íslandi. Hreyfingin skipar stóran sess í okkar starfi. Við erum með Íþróttakennara sem heldur utan um skipulagðar hreyfistundir sem efla jafnvægi, samhæfingu, kraft og þor. Þetta eru lykilhugtök hreyfiþjálfunar skólans. Einnig fara tveir til þrír elstu árgangarnir vikulega í útinám þar sem sjálfssprottinn leikur gegnir lykilhlutverki ásamt kveikjum sem kennarinn leggur upp með. Reynt er að njóta augnabliksins og hvetja börnin til að lesa í aðstæður náttúrunnar.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Hér í Heilsuleikskólanum Urðarhóli leggjum við áherslu á að auka sköpunarkraft barnanna í gegnum textílmennt, tónlist, myndlist og leikræna tjáningu. Við höfum í húsi fagstjóra sem hafa umsjón með verkefnum þótt allir séu þátttakendur í því. Myndlistin er í höndum kennara deildanna þar sem börnin fá að njóta þess að skapa út frá reynslu sinni og upplifun. Börnin kynnast mismunandi efnivið og aðferðum. Sköpunin er einnig

oft tengd inn í menningararf þjóðar eins og dag íslenskrar tungu, jólahald, álfa, þorrann, víkinga og páska svo eitthvað sé nefnt.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Í ár erum við að fara af stað með þróunarverkefni að auka sjálfbærni og minnka matarsóun. Minnka matarsóun í leikskólanum og auka ábyrgð í innkaupum og neyslu. Markmið verkefnisins er að kenna börnum hringrás og sjálfbærni náttúrunnar. Stefnt er að því að skoða tölur um innkaup og fjölda kílóa af lífrænu sorpi sem við hendum frá okkur. Einnig ætlum við að fá okkur hænur í garðinn til að aðstoða okkur við að minnka lífrænan úrgang og fá egg að launum. Þetta er liður í að innleiða Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í leikskóla ber að skapa aðstæður til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum og gefa börnum tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og starfi. Í vetur erum við að ljúka við þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun í máli og læsi. Þetta verkefni hefur hvatt okkur til að grípa fyrr inn með íhlutun þegar börn byrja í skólanum hjá okkur. Einnig að allir kennarar skólans eru meðvitaðir um mikilvægi þess að efla læsi, tjáningu, skilning og umskrifu orð og hugtök. Í vetur ætlum við að innleiða stafagaldra í starf elstu barnanna undir handleiðslu Birte Harksen. Það starf gengur út að efla hljóðkerfisvitund barnanna. Um er að ræða fjögurra vikna námskeið tvisvar í viku þar sem Birta fer á milli deilda með námsefnið Starfagaldrar. Spennandi verður að sjá hvernig það þróast.

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Við hér í Heilsuleikskólanum Urðarhóli leggjum áherslu á markmið númer 3,4,11, og 12.

Barnasáttmálinn

Kennarar barna þekkja Barnasáttmálann og réttindi barna. Eins og fram kemur í 42. grein Barnasáttmálans um að börn eiga rétt á að fræðast um sín réttindi og er það gert eftir því sem börnin hafa aldur og þroska til.

Í 29. grein Barnasáttmálans er talað um að börn eigi að fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, fá tækifæri til að rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa í samfélagi þar sem ríkur skilningur, friður, umburðarlyndi, jafnrétti og vinátta ríkja.

Kennarar skólans standa vörð um réttindi barna og eru talsmenn þeirra.

Dagskipulag

07:30 Leikskólinn opnaður

Rólegur leikur, útivera, val

09:00 Ávaxta- og grænmetishressing

Skipulagt starf, val, listaskáli, íþróttir, hópavinna, útinám / útivist,

frjáls leikur

11:30 Hádegisverður – Samverustund

Skipulagt starf, val, listaskáli, íþróttir, hópavinna, útivist,

frjáls leikur

14:30 Nónhressing – Samverustund

Rólegheit í frjálsum leik úti eða inni

16:30 Leikskólinn lokar

Menningarviðburðir

Gengið gegn einelti er samvinnuverkefni leik- og grunnskóla ásamt félagsmiðstöðvum. Í ár koma nemendur úr 8. og 10. bekk Kársnesskóla og Kópavogsskóla. Kársnesskóli kemur í Urðarhól og Stubbasel og verður farið í göngu á Rútstún þar sem við syngjum saman. Kópavogsskóli býður börnum úr Skólatröð í sal skólans þar sem leik og grunnskólabörn verða með söngatriði.

Flæði verður í Urðarhóli og Stubbaseli tvisvar á skólaárinu, þ.e. það verður opið hús og börnin velja sér viðfangsefni óháð deildum Skólatröð kemur með elstu börnin í Urðarhól.

Í Urðarhóli er barnið í brennidepli á afmælisdaginn sinn. Það fær kórónu sem það fer svo með heim, íslenska fánanum er flaggað og afmælissöngurinn sunginn.

Elstu börnum skólans er boðið að heimsækja menningarhús Kópavogs. Fá fræðslu um Komdu kisa mín sem er á bókasafninu og náttúrufræðistofu.

Elstu börnum skólans er boðið í Þjóðleikhúsið og fá þar að kynnst starfi leikhússins og sjá brot af sýningu.

Urðarhóll verður 20 ár 17. nóvember og Skólatröðin 25 ára 1. september.

Dagur íslenskrar tungu verður haldinn hátíðlegur með sérstakri sögustund fyrir börnin. Í þessari viku ætlum við að hafa átak í samræðulestri. Hvetja foreldra til að lesa fyrir börnin og senda heim fróðleik um læsi.

Farið verður í Kópavogskirkju í desember þar sem jólasagan verður sögð og sungin jólalög. Samverustund með foreldrum og jólamatur verða einnig á aðventunni. Jólabókalestur – söngvar, bakstur og jólagjöf verða fléttuð inn í dagskipulagið í desember. Á þrettándanum verða jólin dönsuð út í borðstofu.

Þorrablot verður haldið á Bóndadaginn. Mjólkurgrautur, slátur og “smakk” af hinum gamla góða þorramat verður framreiddur á hlaðborði venju samkvæmt. Sungin verða þorralög og börnin hanna höfuðföt sem þau skarta þennan dag. Komin er hefð á að starfsfólkið leggur sig eftir því að koma ullarklætt þennan dag og verður svo áfram.

Á Degi leikskólans er flæði í leikskólanum auk þess fara barnahópar út í samfélagið og syngja til að varpa ljósi á leikskólabarnið.

Í lok febrúar verður haldið upp á Bolludag, með viðeigandi bollluáti og á Sprengidag verða saltkjöt og baunir í hádegisverð. Á Öskudag verður slegið upp náttfata- og grímuballi í hverju húsi, þar sem popp/snakk verður “slegið úr tunnunni” og dansað af miklum móð.

Heilsudagur - Opið hús. Foreldrum, vinum og ættingjum boðið að kynna sér brot af því starfi sem unnið hefur verið yfir veturinn

Sumarhátíð foreldrafélagsins verður á sínum stað.

Foreldrafélagið og skólinn standa fyrir vorferðum. Útskriftarbörn fara í heilsdagsferð í Viðey. Foreldrafélagið stendur fyrir sveitaferðinni og farið hefur verður á frídegi en ekki hefðbundnum leikskóladegi.

Í júnímánuði stendur til, venju samkvæmt, að tveir elstu árgangar skólans fari á sundnámskeið Breiðabliks í Sundlaug Kópavogs einu sinni á dag í tvær vikur. Kennarar skólans fara með börnin til og frá sundstað og foreldrar borga kostnaðinn.

17. júní verður haldinn hátíðlegur með söngstund, fánagerð og vöflum.

Urðarhólshlaupið er haldið í kringum 19. júní í minningu Unnar Stefánsdóttur, fyrrum leikskólastjóra.

Stefnt er að góðum ferðum s.s. niður að Reykjavíkurtjörn og Kópavogslæk, Kópavogsdal í Borgarholtið, Rútstún, Hlíðargarð og fjöruna fyrir sunnan Urðarhól þetta eru vinsælustu staðirnir sem við heimsækjum í nágrenninu allt árið.

Næsta sumar er stefnt á að fá unga fólkið í Skapandi sumarstarfi í heimsókn - sem hefð hefur skapast fyrir.

Sumarskólinn fyrir elstu börnin verður á sínum stað þ.e. opnuð er deild í íþróttasal, borðstofu og listasmiðju fyrir þau börn sem eru að fara yfir í grunnskóla. Sumarskólinn er frá lok maí til sumarlokunar.

Kynning á leikskólanum

Á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um starf hans, fréttir, viðburði og annað sem tilheyrir starfinu. Vala er samskiptaforrit fyrir forráðamenn og starfsfólk. Leikskólinn hefur lagt upp með að kynna starf sitt út á við í fjölmiðlum til að koma á framfæri jákvæðum fréttum um leikskólastarf.

Foreldrasamstarf

Stefna og áherslur

Við hvetjum foreldra til að koma með ábendingar um hvað megi mæta og hvað sé vel gert í skólstarfinu. Við lítum á að foreldrar séu hluti af skólstarfinu og foreldrar eru velkomnir í skólann til að kynnast kennurum og starfinu í heild. Við leggjum áherslu á kynnast foreldrum í aðlögun barnanna. Þar gefst tækifæri til að kynna starfshætti skólans. Samstarf heimila og skóla er lykilinn að farsælu námi barnsins.

Okkar áhersla er að eiga góð dagleg samskipti við foreldra. Jákvæð samskipti og traust eru þar grunnforsendur sem við viljum halda í heiðri. Stefnt hefur verið að því að auðvelda foreldrum þátttöku í starfsemi skólans. Við leggjum áherslu á að fá foreldra strax að borðinu þegar sér úrræði þarf vegna líðan, færni og þroska barnsins. Eins ætlum við að leggja okkur betur fram við að miðla fróðleik til foreldra um uppeldi og aðstæður barna.

Foreldraráð

Foreldraráð starfar við leikskólann og fundar tvisvar sinnum yfir skólaárið og oftast ef þurfa þykir. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir og ráð um skólanámskrá og aðrar áætlanir um starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í leikskólstarfinu og hefur fjallað um ýmiss mál sem varða leikskólstarfið. Í foreldraráði sátu:

Sigrún Hulda Jónsdóttir, leikskólastjóri
Ágústa Dröfn Kristleifsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Rebekka Gylfadóttir, aðstoðarskólastjóri (Skólatröð)
Anna Klara Georgsdóttir, Foreldri í Skólatröð
Kristinn Sverrisson, Foreldri í Stubbaseli
Herdís Guðmundsdóttir, Foreldri í Urðarhóli

Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna

Mikilvægt er að forráðamenn séu upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Haldin er kynningafundur á hverju ári í skólanum fyrir nýja foreldra, fundirnir eru haldnir að vori þegar úthlutun er lokið. Í aðlögun fá svo foreldra kynning á Heilsubók barnsins sem er skráningar tæki okkar. Haldin er foreldrafundur að hausti og byrjar hann á fyrirlestri fyrir foreldra og svo er kynning á starfi deilda inn á hverri deild, deildastjóri kynnir starfsfólk og það starf sem unnið er.

Foreldrasamtöl eru einu sinni á ári en þá fá foreldrar að sjá skráningu úr Heilsubók barnsins en samtöl geta orðið fleiri ef þörf er á hverju sinni.

Í hverju fataherbergi er upplýsingatafla og þar eru settar allar helstu upplýsingar dag frá degi. Tölvupóstur er sendur reglulega til foreldra fá hverri deild ásamt því að leikskólastjóri sendir reglulega póst á alla foreldra.

Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi

Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu sem byggir á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar.

Börn bjóða forráðamönnum sínum að koma í skólann við ákveðin tilefni eins og t.d jólastund, sumarhátíð, útskriftir og fl. Foreldrar eru hvattir til að kynna sér starfs skólans og eru ávallt velkomnir í skólann.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Stjórnin fundar nokkrum sinnum yfir árið. Foreldrasjóður er í leikskólanum sem er nýttur til að greiða kostnað við ýmsa viðburði eða annað sem stjórn foreldrafélagsins ákveður.

Markmið foreldrafélagsins er:

Að efla samvinnu forráðamanna og starfsfólks.

Að tryggja hagsmuni barna.

Að taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum.

Starfsmenn

Starfsmannastefna

Liðsheild, fagmennska og samábyrgð eru einkunnarorð starfsmannastefnu okkar. Lögð er áhersla á að hlúa að hverjum og einum þar sem unnið er út frá sterkum hliðum hvers og eins. Við hjálpumst öll að og hver og einn er mikilvægur hlekkur í Urðarhólskeðjunni. Starfsfólk er sameiginlega ábyrgt fyrir því að viðhalda góðum starfsanda. Handleiðsla er ávalt í boði hjá stjórnendum skólans sem og leikskólaráðgjöfum Kópavogs. Starfsmannaviðtöl verða á vorönn þar sem líðan, framtíðarsýn og áhugasvið hvers og eins er rætt.

Mikilvægt er að styrkja félagslegu hliðina þegar um stóran starfsmannahóp er að ræða. Stefnt að því að hittast reglulega utan vinnu t.d. í heimahúsi, jólahlaðborði, leikhúsi/bíói, leshópum, þrónakvöldum, árshátíð, gönguferðum, hlaupahópum auk þátttöku í átaksverkefnum á vegum Lýðheilsustöðvar eins og Ísland á iði og Hjólað í vinnuna. Starfandi eru nefndir þ.e. skemmtinefnd, fjáröflunarnefnd, ferðanefnd.

Áherslur í samstarfi

Þegar nýr kennari/ leiðbeinandi byrjar, sýnir leikskólastjóri honum húsnæðið og ræðir um helstu áherslur í starfi. Kennari/ leiðbeinandi les yfir Aðalnámsskrá leikskóla og Skólanámsskrá Urðarhóls. Viku eftir að kennari/ leiðbeinandi byrjar í starfi fær hann viðtal við deildarstjóra, þar sem rætt er um barnahópinn og starfið á deildinni. Mánuði síðar ræða leikskólastjóri/ aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri við starfsmanninn. Eftir tvo mánuði og aftur þrjá mánuði fær kennari/ leiðbeinandi handleiðslu aðstoðarskólastjóra. Að þessu loknu gengur viðkomandi inni starfsmannasamtöl eins og aðrir.

Kópavogsbær býður nýjum leiðbeinendum uppá nýliðafræðslu sem er einu sinni í viku í sex skipti. Þetta er nýtt hjá Kópavogsbæ og bindum við vonir að fá hæfari leiðbeinendur í störf fyrir vikið.

Samstarf við grunnskóla

Hjá Kópavogsbæ var komið á formlegu samstarfi allra leik- og grunnskóla árið 1998 Skólatröð, Kópasteinn og Kópahvoll eru í samstarfi við Kópavogsskóla. Leikskólarnir í vesturbænum, Marbakki, Kópasteinn og Urðarhóll eru í samstarfi við Kársnesskóla. Samstarfið hefur verið að kennarar leikskólans funda með kennurum Kársnesskóla og skipuleggja heimsóknir 1. bekkjar í leikskólann á haustin og leikskólabörnin fara í heimsókn í grunnskólann á vorin. Fjórði bekkur hefur komið í tilefni að degi íslenskrar tungu og lesið fyrir leikskólabörnin. Einnig hefur verið unnið sameiginlega að verkefninu Gengið gegn einelti. Skólatröð er í góðu og vaxandi samstarfi við Kópavogsskóla og er verið að fara í markvisst samstarf mánaðarlega og spennandi að sjá hvernig hlutirnir þróast. Kópavogsskóli, Urðarhóll (Skólatröð) og Kópahvoll fengu styrk frá Kópavogsbæ til þróunarstarfs til að efla málþroska og læsi barna. Þróunarverkefnið heitir þrír stafir og verður skýrsla um verkefnið sett á heimasíðu skólans.

Stoðþjónusta

Í starfi skólans skiptir stoðþjónusta kennara afar miklu máli. Það er hægt að hringja í viðkomandi aðila og fá ráð eða hann kemur á staðinn ef óskað er.

- Starfsmannastjóri veitir ráðgjöf og leiðbeiningar um þau mál er snerta réttindi launþega og vinnuveitanda.
- Leikskólafulltrúi er ráðgjafi í mörgum málum varðandi uppeldisstörf og rekstur.
- Leikskólaráðgjafar leiðbeina með fagleg atriði og starfsmannamál.
- Sérkennsluráðgjafar gefa ráð varðandi börn með sérþarfir.

Samstarf við aðra

Samstarf er við Tæknideild bæjarins varðandi viðhald lóðar og húss, einnig ef um verklegar framkvæmdir eða er að ræða. Kópavogsbær styrkti ýmis menningarmál með því meðal annars að bjóða leikskólum í menningarhús bæjarins.

Stofnanir innan Kópavogsbæjar og utan sem við erum í samstarfi við: Félagsþjónustan - Barnavernd, Sunnuhlíð og Gjábakki, Heilsugæslan, Barnahús, Sunddeild Breiðabliks, Lýðheilsustöð, Vinnueftirlitið, Heilbrigðiseftirlitið, Greiningastöð ríkisins, Mennta og Menningarmálaráðuneytið, Háskóli Íslands Menntasvið, RannUng, Háskóli Reykjavíkur, Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla og Samtök heilsuleikskóla

Mat og matsaðferðir

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Niðurstöður mats ásamt umbótaáætlun koma fram í starfsáætlun. Mat á leikskólastarfi er tvíþætt það er annarsvegar um að ræða mat sem er framkvæmt af starfsfólki leikskólans og er kallað innra mat. Hinsvegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt. Í leikskólanum er starfið í stöðugri mótun og þróun og endurmati. Ýmsar aðferðir eru nýttar til að meta skólastarfið.

Börnin

Heilsubókin er okkar mat á stöðu barna í þroska. Út frá því sjáum við hvar við þurfum að bæta okkur er varðar starfið með börnunum í áhersluatriðum skólans ásamt einstaklingsáætlun fyrir hvert barn.

Börnin meta skólastarfið árlega þar sem elstu börnin eru spurð út í starfið og markmið skólans. Niðurstöður eru nýttar til að þróa starfið áfram útfrá sjónarmiði þeirra.

Sérkennsla

Sérkennsla byggir á lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 og samkvæmt þeim eiga öll börn rétt á kennslu við hæfi. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við forráðamenn.

Skimanir og próf:

- Hljóm-2 er aldursbundið íslenskt próftæki í leikjaformi, sem kannar hljóðkerfisvitund fimm ára barna.
- EFI-2 er málþroskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári.

Starfsfólk

Starfsfólkið endurmetur leikskólastarfið reglulega með ýmsum hætti svo sem endurmat á starfsáætlun, stefnu skólans, hefðum og hátíðum og stöðu barnsins í hópnum. Farið er yfir líðan í starfi í starfsmannasamtölum ásamt því að starfsmannakönnun er gerð fjórða hvert ár. Mat fer fram á fundum, spurningalistum um stefnu skólans og vellíðan í starfi.

Forráðamenn

Forráðamenn meta starfsemi leikskólans annað hvert ár. Ásamt því að tekið er miða af athugasemdum og skoðunum foreldra í foreldrasamtali.

Aðrir aðilar

- Heilbrigðiseftirlitið kemur og metur þrifaáætlun og aðbúnað í eldhúsi árlega.

- Vinnueftirlitið kemur í óboðaðar heimsóknir og kannar vinnuaðstöðu og aðbúnað í leikskólum
- BSI sér um árlegt eftirlit með útileiksvæði
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðis fylgir eftir eldvarnareftirlit

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna, koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum.

Hér má finna: [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#)

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks og er í samstarfi við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja öryggisfulltrúi og öryggisvörður. Nefndin hittist að minnsta kosti tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og garð leikskólans. Leikskólastjóri gegnir starfi öryggisvarðar sem fulltrúi rekstraraðila eða annar sem hann tilnefnir. Öryggistrúnaðarmaður er kosin af samstarfsmönnum á tveggja ára fresti. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf. Öll slys eru skráð í forritið Atvik í samstarfi við VÍS.

Áfallaráð

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks. Við áföll hittist ráðið eins oft og þurfa þykir.

Áfallaráð leikskólans hefur til hliðsjónar:

Áfallaáætlun leikskólans

Jafnréttisáætlun leikskólans

[Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar](#)

[Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi](#)

[Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins](#)

Efnisyfirlit – Mat á skólastarfi, starfsáætlun síðasta starfsárs

Skólastarfið svo sem þema og áhersluþættir	8
Barnasáttmáli	8
Heimsmarkmið	8
Námssvið	8
Mat og matsaðferðir	8
Börn	8
Sérkennsla	8
Mat forráðamanna	8
Samsetning starfsmannahópsins.....	8
Mat starfsmanna	8
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	8
Skipulagsdagar.....	8
Endur- og símenntun	9
Fundir	9
Samstarf.....	9
Þátttaka í rannsóknum	9
Nemar.....	9
Viðhald.....	9
Öryggismál.....	9

Mat á skólastarfi og starfsáætlun síðasta starfsárs

Skólastarfið svo sem þema og áherslupættir

Unnið var samkvæmt starfsáætlun og stefnu skólans. Áhersla var á snemmtæka íhlutun og voru allir starfsmenn skólans þátttakendur í því verkefni. Stafagaldrar voru tengdir inn í útinám barnanna þar sem búið var að setja upp ratleik og börnin unnu þrautir eftir vísbindingum. Um var að ræða læsishvetjandi verkefni.

Hefðir leikskólans voru óbreyttar fyrir utan þá viðburði sem þurfti að fella niður vegna COVID frá 16. mars til 4. maí. Eftir það bar starfið merki um heimsfaraldurs eins og útskrift var höfð utandyra svo foreldrar gætu verið áhorfendur og gekk það ljómandi. Eins var sumarhátíðin með breyttu sniði og var sannkallaður hátíðardagur. Dagurinn byrjaði með Urðarhólshlaupi þar sem allir hlupu einn hring eftir árgöngum á grasflötinni fyrir neðan Kópavogsbraut 17. Síðan var farið inn í garð og borðaðir ávextir. Eftir það fengum við leiksýningu fyrir hádegismat þar á eftir voru grillaðar pylsur og ís. Eftir hádegismatinn voru leikjatilboð í garðinum þ.e. hoppukastali, sápukúlur, krítar auk þess var hægt að kaupa popp. Þetta var besti dagur í lífi barnanna að þeirra sögn.

Covid setti sitt mark á foreldrasamstarf þannig að minni þátttaka foreldra var í viðburðum frá mars. Reynt var eftir bestu getu að koma upplýsingum til foreldra í tölvupósti og upplýsa um breytingar á skólastarfi auk þess sem um er að vera í skólanum.

Barnasáttmáli

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna er ávallt í huga okkar starfi. Á síðasta skólaári tókum við þátt í sýningu Kópavogs þar sem verið var að vekja athygli á réttindum barna. Elstu börnin í skólanum sungu í Salnum í Kópavogi auk þess sem við vorum með sýningu í Smáralind þar sem öll börn í skólanum voru þátttakendur og var verið að vinna myndverk og sköpun út frá réttindum barna. Okkar framlag var kærleikstré með kærleiksorðum, söngur um mannréttindi og myndverk barna um réttindi barna. Vinnan byggði á 2., 7., 12., 13. og 29. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Heimsmarkmið

Markvisst var verið að huga að því að innleiða heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Það sem við gerðum var að allar deildir fóru á vordögum að plokka plast í nærumhverfinu einnig kviknaði áhugi á að skoða betur hve mikið af lífrænu sorpi við erum að henda frá okkur og hvort við getum hugað betur að matarsóun. Með innleiðingu heimsmarkmiða var lögð áhersla heimsmarkmið númer 3, 4, 11, og 12.

Námssvið

Leikskólanámið fer fram með samþættu námi námsviðanna: Heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi, læsi og samskipti.

Breyting var á að deildarstarfsmenn tóku að sér íþróttir og útinám á haustönn þar sem íþróttakennari skólans var í fæðingarorlofi. Að mati kennara fylgdi því bæði kostir og gallar. Kostirnir voru þeir að kennurum fannst þeir fá betri sýn á hreyfiproska barnsins en gallinn sá að markviss hreyfipjálfun og fagþekking íþróttakennara vantaði. Eins að fylgja eftir íþróttakennslu og útinámi.

Mat og matsaðferðir

Starfsmannakönnun var framkvæmd í apríl og erum við ánægð með útkommuna. Flestir þættir koma jákvætt út og við hærri en landið í heild. Starfið, samstarf, vinnustaðurinn, stjórnun og uppeldi og menntun komu mjög vel út. Allflestir ánægðir í starfi, samstarf, stjórnun, uppeldi og menntun. Það helsta sem mátti bæta snéri að upplýsingum um sérkennslumál sem eru jú háð persónuverndarákvæðum svo erfitt er að fara djúpt í þau mál. Einnig komu ábendingar um að auka samstarf milli deilda og virkja foreldra betur í skólastarfinu. Þegar spurt var um símenntun og undirbúningstíma var fólk óánægt með tímaleysi til undirbúnings og samráðs. Einnig hve erfitt er að komast frá vinnu til að sinna sí og endurmenntun. Fólk talaði um í opnum spurningum að það vildi meiri tíma til samráðs og undirbúnings, skilgreindan tíma til endurmenntunar. Það var gleðilegt að sjá hve fólk er ánægt í starfi og líður vel á vinnustaðnum. Það var okkur mikilvægt.

Sköpun og menning var það námssvið sem var metið skólaárið 2019-2020. Allar deildir fylltu út samræmda matslista frá skólaskrifstofu um Námssvið leikskóla. Í heildina kom matið vel út og þessum námsþætti var vel fylgt eftir af kennurum skólans. Það sem helst vantar uppá var alþjóðamenning innan leikskólans, ákveðið var að fela fagstjóra að stýra alþjóðamenningu í skólanum og tengja það betur söngstundum og tónlistastarfi innan skólans.

Mat barna

Elstu börnin voru spurð út í líðan í leikskólanum hvað væri gott og hvað mætti bæta. Eins var spurt um áhersluatriði skólans hvað væri gott og hvað mætti bæta. Gaman var að sjá að svör barnanna miðuðust út frá líðandi stundu. Þau virtust ánægð með allt sem þau voru að gera og voru ekki hugmyndir að breytingu. Fram kom þó í þeirra mati að þeim fannst skemmtilegt á öskudag þegar þau fengu pening til að kaupa pitsu og vildu gera það oftar. Var það tekið til greina á sumarhátíðinni að þau fengu gjaldmiðil til að kaupa pitsu og ís. Börnin voru alsæl með það.

Elstu börnin voru í borðstofu að klippa óskalista um leikföng og var tekið tillit til þess í innkaupum fyrir sumarleikföng. Þetta var skemmtileg vinna og börnin glöð að fá að taka þátt.



Mat forráðamanna

Foreldrar nýrra barna voru ánægðir með formið á aðlögun fyrrihluta árs áður en COVID kom til sögunnar. Eins kom fram í foreldrasamtölum almenn ánægja foreldra með starfsfólk og stefnu skólans. Á síðastliðnu ári var ekki gerð miðlæg könnun til foreldra þar sem hún er gerð annað hvert ár.

Mat starfsmanna

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í apríl 2019 og sá Skólapúlsinn um úrvinnslu. Það var ánægjulegt að sjá að um 85 % starfsfólks er almennt ánægt í starfi og við starfsaðstæður sínar. Fólki finnst það ráða við sín verkefni og fá tækifæri til að þróa starf sitt áfram. Þeir þættir sem komu ekki vel út voru tækifæri endurmenntunar þar sem fólk á erfitt með að fara frá vinnu sinni og skilja verkefni eftir í höndum annarra með tilheyrandi álagi. Einnig fannst starfsfólki vanta meiri tíma til samráðs og undirbúnings.

Sérkennsla

Hjördís Stefanía Guðnadóttir tók við starfi sérkennslustjóra í október 2019. Hjördís Stefanía hélt utan um sérkennslu skólans í Urðarhóli og Stubbaseli í 80% starfi. Rebekka Gylfadóttir var sérkennslustjóri í Skólatröð í 20% starfi. Fundað var hálf mánaðarlega með sérkennslustjórum og þeim kennurum sem sjá um sérkennslu við skólann.

Sérkennslan var framkvæmd með sama hætti og áður þ.e. 1. og 2. flokkur fer fram af starfsmönnum deilda. Sérkennsla í 3. og 4. flokki fór að mestu leyti fram í átaksvinnu af sérkennara sem sér um málörvun auk þess að efla sjálfsmynd og félagsþroska.

Sérkennslan hefur aukist til muna auk þess að hlutverk sérkennslustjóra hefur aukist mikið í formi ráðgjafar til kennara og foreldra. **Börn**

Á síðasta skólaári voru töluverðar breytingar á barnahópnum. 2017 árgangurinn varð fjölmennastur eða alls 42 börn. Börnin voru á aldrinum 18 mánaða til 5 ára.

Aldursdreifing í skólanum 2019-2020:

Börn fædd 2014 alls 26 (árinu áður 35 fædd 2013)

Börn fædd 2015 alls 33 (árinu áður 26 fædd 2014)

Börn fædd 2016 alls 23 (árinu áður 30 fædd 2015)

Börn fædd 2017 alls 42 (árinu áður 25 fætt 2016)

Börn fædd 2018 alls 5 (árinu áður 13 fædd 2017)

Skólinn var opinn frá kl 7:30 – 16:30. Meðaldvalartími barns hefur dregist saman um rúmar 5 mínútur dag hvern. Þannig að meðaldvalartími barna í Urðarhóli eru 8 klukkustundir og 5 mínútur. Lengd dvalartíma var eftirfarandi:

Dvalartími 4 klst alls 1 barn

Dvalartími 6 klst alls 1 börn

Dvalartími 7 klst alls 8 barn

Dvalartími 7.5 klst alls 6 börn
Dvalartími 8 klst alls 62 börn
Dvalartími 8.5 klst alls 45 börn
Dvalartími 9 klst alls 4 börn

Samsetning starfsmannahópsins

Í Urðarhóli voru um 38 stöðugildi vegna barngilda, sérkennslu, stjórnunar, eldhúss og vegna afleysing fyrir skólaárið 2019 -2020. Fagmenntun nær ekki lágmarksviðmiðum þ.e. 2/3 hlutar sem starfa með börnum í leikskólum skuli hafa leikskólakennaramenntun. Fagmenntun hefur lækkað hjá okkur í Urðarhóli og vantar okkur 25% til að ná lögum um leikskóla. Á þessu skólaári eru fjórir kennarar í barnsburðarleyfi, fimm kennarar búnir að vera í langtímaveikindum og einn kennari er í námsleyfi.

Leikskólakennarar	50 %	(1% fækkun frá í fyrra)
Háskólamenntaðir	12 %	(11% aukning frá í fyrra)
Leikskólaliðar	6.5 %	(0% aukning frá í fyrra)
Leiðbeinendur	31.5 %	(1% aukning frá í fyrra)

Í Urðarhóli hefur starfsmannahald verið stöðugt til margra ára og starfsfólk er komið með langan starfsaldur við skólann. Í fyrra voru alls 4 kennarar heiðraðir fyrir hollustu í starfi það er starfað í Heilsuleikskólanum Urðarhóli í 5, 10 eða 15 ár.

Ingibjörg Berglind Grétarsdóttir fyrir 5 ára starf, Sara Mjöll Marteinsdóttir fyrir 10 ára starf, Bára Dagný Guðmundsdóttir, Gunnhildur Magnúsdóttir og Þórey Birna Ásgeirsdóttir fyrir 15 ára starf hér í Heilsuleikskólanum Urðarhóli.

starfsaldur var á eftirfarandi hátt :

- 2 starfsmenn með 20 ár eða meira
- 9 starfsmenn með 15 – 19 ár eða meira
- 13 starfsmenn með 10 – 14 ár
- 5 starfsmenn með 5 – 9 ár
- 21 starfsmenn með minna en 5 ára starfsreynslu

Þróunar- og nýbreytnistarf

Birte Harksen vann þróunarverkefni að útfæra Starfagaldra í útinám. Verkefnið var einskona ratleikur sem var komið fyrir í nærumhverfi skólans og börnin fengu vísbendingar og þrautir að vinna til að finna hylki með staf. Þegar stafurinn var fundinn var farið heim með hann og settur á þar til gert veggspjald og safnað upp í orð. Þetta var skemmtileg viðbót við útinámið og að tengja Stafagaldrana inn í útikennsluna.

Hugmynd kviknaði að því að sækja um styrk í Sprotasjóð til að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna inn í skólastarfið. Verkefnið byggir á sjálfbærni og hvernig við getum

spornað gegn matarsóun. Hugmyndin er að börnin læri um hringrásina hvernig hægt er að nýta matarafganga betur í stað þess að henda þeim með því að fá til okkar orma og hænur. Auk þess að fylgjast betur með fjölda kílóa af lífrænu sorpi sem við hendum frá okkur. Skólinn fékk styrkinn á vormánuðum og er Birna Bjarnason verkefnastjóri þessa verkefnis.

Þróunarverkefnið Þrír stafir er samstarfsverkefni Kópavogsskóla, Kópahvols og Urðarhóls (Skólatröð) Verkefnið byggir á því að efla samstarf og vitneskju um þær aðferðir sem nýttar eru á leik- og grunnskólastiginu í að efla læsi. Hvernig skólastigin standa að læsiskennslu barnanna. Haustið 2020 var gefin út skýrsla um verkefnið og er að finna á heimasíðu skólans.

Skipulagsdagar

Föstudagurinn 6. september 2019

Kennarar voru að undirbúa vetrarstarfið, fengum kynningu á Völu og rafrænni heilsubók. Auk þess sem við kynntum okkur útikennslustofu Kópavogs í Guðmundarlundi.

Fimmtudagurinn 21 nóvember 2019

Innleiðing á þróunarverkefninu um snemmtæka íhlutun hvað varðar málþroska. Tilfinningalæsi og kynning á andlitum sem námsgagn í að börn þekki tilfinningar sínar.

Föstudagurinn 31.janúar 2020

Endurmat á námssviðinu sköpun og menning. Umræður um sköpun í leikskólastarfi auk undirbúnings fyrir komandi önn.

Mánudagurinn 16. mars 2020 Auka skipulagsdagur vegna Almannaþingarinnar

Þessi skipulagsdagur var nýttur í að skipta barnahópunum og kennurum upp í tvo hópa og búa til mætingarskipulag. Hvor hópur mætti annan hvern virkan dag í leikskólann.

Mánudagurinn 23. mars 2020 Þessum skipulagsdegi var frestað vegna COVID

Áætlað var að fara í vinnuhópa um áætlunargerð og endurmat. Þessi skipulagsdagur féll niður vegna Covid19

Föstudagurinn 22. Maí 2020

Fyrirhugað var að fara í vettvangsferðir og sækja endurmenntun en þar sem skipulagsdeginum 23. mars var frestað var ákveðið að fara í vinnuhópa um áætlunargerð og endurmat.

Endur- og símenntun

Allir deildastjórar fóru á námskeið hjá Þekkingarmiðlun sem ber heitið „Að stjórna í leikskóla“. Kennara fara á ýmiskonar endur- og símenntunarnámskeið á skólaárinu sem þeir greiða af sínum einstaklingsstyrk til endurmenntunar. Námskeið á vegum sveitafélaganna í kraganum standi fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk og reynum við að senda sem flesta á þau. Nýliðunarfræðsla sem Gerður Guðmundsdóttir heldur fyrir nýliða í leikskólunum Kópavogs sendum við þrjá nýja starfsmenn fyrir áramót og þrjá eftir áramót.

Vert er að hafa í huga að enginn skilgreindur tími er hvorki í kjarasamningum kennara né fjárhagsáætlun Kópavogs til leikskóla til sí- og endurmenntunar. Erfitt er að hliðra til svo allir komist til að viðhalda áhuga og þekkingu á eigin forsendu. Skólanum ber að veita hverjum og einum starfsmanni 15 stundir í endurmenntun og hafa skipulagsdagar verið nýttir til þess að tryggja sí- og endurmenntun allra starfsmanna.

Endur- og símenntun sem skólinn veitir öllum kennurum fór fram á starfsdögum og var kynning á nýju tölvukerfi Valan, innleiðing á snemmtækri íhlutun, endurmenntun um sköpun í leikskólastarfi auk kynningar á námsefni um tilfinningarlæsi.

Fundir

Morgunfundir voru haldnir einu sinni í viku ca 30 – 45 mínútur til að fara yfir skipulag vikunnar. Deildarstjórar mættu á þá fundi eða staðgengill deildar.

Deildarstjórafundir voru hálfsmánaðarlega í 60 mínútur. Þessir fundir voru til að samræma starfshætti, hefðir og hátíðir. Skiptast á skoðunum, meta og gera áætlanir

Deildarfundir eru einu sinni í mánuði ca 2 klst. Þessir fundir eru á kvöldin og er starfsfólk að fara yfir líðan og færni barnanna, samræma starfshætti og gera áætlanir um starf deildarinnar.

Sérkennsluteymisfundir eru hálfsmánaðarlega í 60 mínútur. Þessir fundir voru til að samræma starfshætti, fá hugmyndir og handleiðslu um þau verkefni sem við erum með í höndum.

Samstarf

Við vorum í góðu samstarfi við Kópavogsskóla og Kársnesskóla í því að brúa bilið milli skólastiga. Eins stoðþjónustu Kópavogs, barnaverndar og HÍ.

Þátttaka í rannsóknum

Við drögum saman þátttöku okkar í rannsóknum þetta skólaárið þar sem mikið er í gangi og tímaleysi og álag hefur verið töluvert undanfarið.

Nemar

Veturinn 2019-2020 voru þrír starfsmenn í leikskólakennarafræðum við HÍ og voru þær komnar mislangt á veg í námi sínu, einn starfsmaður var að sækja sér viðbótarnám til að fá réttindi sem leikskólakennari frá LHÍ. Kópavogsbær hefur gert samning við þessa nema um aðstoð við námið og hafa þær skuldbundið sig til að vinna hjá Kópavogsbæ í ákveðinn tíma eftir það. Einnig tókum við á móti fimm nemum frá menntavísindasviði Háskóla Íslands sem allir lögðu stund á leikskólakennarafræði. Vegna COVID fjaraði vettvangsnám nema út þ.e. þeir náðu ekki að klára vettvangsnámið samkvæmt áætlun en tekið var tillit til þess í þeirra námsmati.

Viðhald

Farið var í talsverðar endurbætur á Stubbaseli í sumarlokun húsið var málað að innan og salerni endurnýjað. Annað viðhald var í lágmarki og einungis það nauðsynlegast var gert við. Skólatröðin er komin á tíma og nauðsynlegt er að fara að ákveða hvað geri eigi við það húsnæði. Foreldrar hafa sent bréf til bæjarstjórnar og óskað eftir upplýsingum um hvað eigi að gera við Skólatröðina og hvenær standi til að gefa út hvað eigi að gera.

Öryggismál

Skráð voru 7 slys í leikskólanum. 3 á lóð Skólatraðar og 4 í Urðarhóli. Alls voru 5 sem þurftu aðstoð heilsugæslu vegna alvarlegra slysa.

Efnisyfirlit – Umbótaáætlun næsta skólaárs

Skólastarfið	11
Barnasáttmáli	11
Heimsmarkmið	11
Námssvið sem var metið, umbætur	11
Matslistar – umbótaáætlun.....	11
Börn	11
Sérkennsla	11
Foreldrakönnun	11
Samsetning starfsmannahópsins.....	11
Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl	11
Þróunar- og nýbreytnistarf á næsta ári	11
Skipulagsdagar, dagsetningar og dagskrá	11
Endur- og símenntunaráætlun	11
Fundir	11
Rannsóknir.....	11
Samstarf.....	12
Nemar.....	12
Viðhald.....	12
Öryggismál.....	12
Lokaorð.....	12

Umbótaáætlun næsta skólaárs

Hér er skráð hvaða umbætur eru fyrirhugaðar á næsta skólaári

Skólastarfið

Skólastarfið verður áfram með hefðbundnu sniði þar sem Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur verður okkur að leiðarljósi. Við komum til með að vinna að samþættu námi barnsins þvert á námssvið leikskóla þ.e. Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning auk sjálfbærni og vísindi. Þetta skólaár verðum við með þróunarverkefni um Sjálfbærni minni matarsóun og ætlum við að fá til okkar orma til að aðstoða við niðurbrot á lífrænum úrgangi auk þess að fá hænur í garðinn. Hæurnar munu því setja sitt mark á skólastarfið þetta árið og vonumst við til þess að geta fengið foreldra og fjölskyldur þeirra meira til liðs við okkur í námi barnanna.

Barnasáttmáli

Barnasáttmálinn er ávallt í huga kennara að gæta að réttindum barna og að rödd þeirra fái að heyrast. Við ætlum að leggja okkur meira fram við að efla þeirra mat og lýðræðislega þátttöku þeirra í námi sínu. Kennarar eru talsmenn barna og leggja áherslu á að börnum líði vel í skólanum og heima fyrir. Allir eru jafnir og eiga jafnan rétt óháð kyni, kynþætti, trúarskoðun eða öðru.

Heimsmarkmið

Við innleiðingu á Heimsmarkmiðunum erum við með þróunarverkefni í sjálfbærni eins og áður hefur verið getið um. Þar er markmiðið að vinna með 3.,4., 11 og 12. markmið sameinuðu þjóðanna. Það verður spennandi að sjá hvernig framgangur verkefnisins verður. Þar langar okkur að sjá minni matarsóun, meiri þátttöku heimilis í námi barnanna, aukna sjálfbærni og vitneskju um lífskeðjuna.

Námssvið sem var metið, umbætur

Sköpun og menning var það námssvið sem við skoðuðum ýtarlega og var metið af öllum starfsmönnum skólans. Við komum til með að auka alþjóðamenningu þ.e. að fjalla meira um þau þjóðlönd sem tengjast okkur hér í Urðarhóli. Kynna menningu og siði þeirra þjóða sem börn og kennarar koma frá. Stefnum á að tengja það tónlistarstarfinu okkar og þar með hafa alþjóðafræðslu tengda inn í sameiginlegar söngstundir skólans. Einnig viljum við bæta aðgengi barnanna að verðlausum efnivið og taka meira vatnsliti og málningu inn á deildir þar sem hver deild hefur bara listasmiðju einn dag í viku. Annað teljum við í góðum farvegi þó ávallt þurfi að gæta að fræðum, lýðræði og sjálfsprottinni sköpun barnsins.

Matslistar – umbótaáætlun

Á þessu skólaári verður gerð miðlæg foreldrakönnun á vegum menntasviðs. Einnig sem námssviðið Sjálfbærni og vísindi verður metið. Gátlisti um starfshætti heilsustefnunnar verða lagðir fyrir starfsfólk.

Börn

Þetta skólaár tókum við inn frekar fámennan hóp eða um 30 börn. Það gerir það að verkum að barnahópurinn er mun eldri en í fyrra. Aðeins eitt barn fætt fyrstu viku 2019 kemst inn í skólann. Dreifing barna eftir árgöngum er þessi:

2015	33 börn
2016	24 börn
2017	46 börn
2018	27 börn
2019	1 barn

Viðverutími barna hefur verið áhyggjuefni sl ár þar sem dvalarstundir eru margar að meðaltali rúmar 8 klst á dag alls eru 111 börn sem eru 8 klst eða lengur í leikskólanum á dag en aðeins 20 börn sem dvelja minna en 8 klst á dag. Það er von okkar að stytting vinnuvikunnar komi til með að skerða viðverutíma barna í kjölfarið. Dvalarstundir skiptast á þessa leið:

5 klst per dag	1 barn
6 klst per dag	6 börn
7 klst per dag	7 börn
7.5 klst per dag	45 börn
8 klst per dag	65 börn
8,5 klst per dag	44 börn
9 klst per dag	2 börn

Sérkennsla

Sérkennsla verður með sama sniði en markmið okkar er að efla okkur enn frekar í snemmtækri íhlutun. Ná foreldrum strax inn í mál og íhlutast sem fyrst. Unnið verður eftir nýútkominni handbók um snemmtæka íhlutun mál og læsis undir handleiðslu Hjördísi Stefaníu Geirsdóttur og Rebekku Gylfadóttur sérkennslustjórum skólans. Átakshópar verða í málörvun þeirra barna sem koma undir meðaltali í Hljóm-2 og EFI-2 og erum við með Báru Dagný sérkennara sem tekur það að sér. Önnur sérkennsla er unnin af kennurum deildarinnar og er einn tengiliður hvernar deildar í sérkennsluteymi skólans. Sérkennsluteymið fundar vikulega til að fara yfir stöðuna og fá handleiðslu um þau verkefni sem eru í gangi.

Foreldrakönnun

Þetta skólaár verður lögð fyrir miðlæg foreldrakönnun á vegum menntasvið Kópavogsbæjar. Einnig eru foreldraviðtöl og foreldrar hvattir reglulega til að hafa samband ef þeir vilja koma málefnum á framfæri.

Samsetning starfsmannahópsins

Ráðið var í þær stöður sem losnuðu ekki fengust leikskólakennarar í þær og því var ófaglært fólk ráðið. Þrjú kennarar eru á leið í fæðingarorlof í nóvember, desember og febrúar. Fjórir kennarar eru í veikindaleyfi vegna langtíma veikinda og óvist hvenær þeir koma inn. Við náum ekki viðmiðum um lög um leikskóla að 2/3 hluti þeirra sem starfa með börnum séu með leyfisbréf sem kennari.

Við höfum um 55% starfsmanna með kennsluréttindi og 45% sem almennir starfsmenn. Erum við þakklát því góða fólki sem hér starfa.

Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl

Lagður verður fyrir starfsfólk gátlisti um heilsustefnunna auk líðan í starfi. Stefnt er að því að taka starfsmannasamtöl líkt og í fyrra þar sem farið var í gönguferð út fyrir lóðina í samtal um líðan og vangaveltur um framtíðarsýn hvers og eins. Þessi samtöl gáfust vel og var fólk almennt ánægt með að fara í göngu í stað formlegs samtals inni. Fólk var einróma um að þetta væri afslappaðra og persónulegra.

Þróunar- og nýbreytnistarf á næsta ári

Þetta skólaár ætlum við að innleiða starfagaldra á eldri deildum skólans. Þar sem Birte Harksen fer með Starfagaldra verkefni í 8 skipti inn á hverja deild fjórar vikur í senn. Verkefnin byggja á því að efla hljóðkerfisvitund, sköpun, einbeitingu og úthald. Kennarar deildanna taka svo sögurnar inn í sitt starf.

Sjálfbærni og minni matarsóun er þróunarverkefni sem við erum í til að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Stefnan er að draga úr matasóun, ábyrgari innkaup og læra um hringrás lífskeðjunnar með því að fá til okkar hænur og rauðorma.

Skipulagsdagar, dagsetningar og dagskrá

- Föstudagurinn 4. september 2020 - Veturinn skipulagður /endurmenntun tákni með tali
- Þriðjudagurinn 27. október 2020 – Endurmenntun ráðstefna / „Bara“ leikur? Málþing Félag leikskólakennara um frjálstan leik. Þessi skipulagsdagur kom sem viðbót þar sem skipulagsdagurinn 23. mars 2020 var frestað vegna COVID
- Fimmtudaginn 19. nóvember 2020- endurmat á starfinu / endurmenntun
- Föstudaginn 29. janúar 2021- Veturinn skipulagður / endurmenntun
- Miðvikudaginn 17. mars 2021 – deildarfundir / endurmenntun
- Föstudagurinn 14. maí 2021– Endurmat vetrarins

Endur- og símenntunaráætlun

Leikskólinn gætir þess að allir starfsmenn fái 15 kennslustundir í sí- og endurmenntun fyrir alla starfsmenn. Markmið vetrarins er að auka færni og þekkingu starfsmanna í að greina frávik í málþroska auk þess að vera með markvissa málörvun í flestum stundum. Einnig er okkar markmið að auka frjálstan leik barnsins sem námsleið þvert á námssvið leikskóla. Auk þess er

komið að endurnýjun skyndihjálpar og er stefnt að því að vera með námskeið á vorönn. Endurmenntunar áætlun:

- Sigrún Grendal með námskeið um Tákn með tali, fræðilegi hlutinn og verklegur hluti.
- Hjördís Stefanía Geirsdóttir og Rebekka Gylfadóttir verða með kynningu á Handbók leikskólans og innleiðingu hennar.
- Ráðstefna um leik barna á vegum FL og FSL
- Slysahúsið fengið með skyndihjálpanámskeið fyrir starfsfólk leikskóla

Allt starfsfólk er hvatt til að nýta sér einstaklingsstyrk félaganna til endurmenntunar og reynt að veita svigrúm til að fólk geti sinnt endurmenntun.

Stefnt er að því að senda 4 -6 kennara á verkfærakistu Vöndu en það er námsefni hvernig hægt er að sporna gegn einelti.

Nýliðar eru hvattir á námskeið á vegum Kópavogsbæjar auk þess sem allir eru hvattir til að nýta sér starfstengd fagnámskeið á vegum Kragans.

Fundir

Í kjölfari breytinga á kjarasamningu FL og aukins undirbúningstíma kennara er fyrirhugað að gera breytingu á fundum og auka samráð kennara. Undirbúningstími kennara verður því samræmdur eftir því hvaða árgang kennarar eru að kenna. Markmiðið er að þeir geti talaða sig saman og fengið hugmyndir hver frá öðrum, vinna sameiginlega að verkefnum tengda námskrá, starfsáætlun og endurmati. Deildarstjórafundir verða því rúllandi eftir vikudögum til að þeir falli undir undirbúning allra deildarstjóra en ekki bara hjá hluta þeirra. Fyrirhugaðar breytingar á skipulagi samráðstíma kennara og funda eru eftirfarandi:

Mánudagar kl 12 – 14 : Samráðstími kennara 2018 – 2019

Þriðjudagur kl 12 – 14: Samráðstími sérkennslu og sérkennsluteymis

Miðvikudagur kl 12 - 14: Samráðstími kennara 2016 – 2017

Fimmtudagar kl 12 – 13: Samráðstími Stafagaldurs og útikennslu

Fimmtudagur kl 13 – 14: Samráðstími kennara 2015

Deildarstjórafundir kl 9-10 vikulega rúllar eftir dögum

Deildarfundir: Á kvöldin 2 klst mánaðarlega auk samráðs á skipulagsdögum

Rannsóknir

Ekki er fyrirhugað að taka þátt í einhverjum rannsóknum þetta árið.

Samstarf

Áfram verður unnið náið með grunnskólum í hverfinu, HÍ, HA og HR. Auk þess stoðþjónustu Kópavogsbæjar, Barnaverndar og heilsugæslu. Reynt verður að fá styrki frá fyrirtækum til að

Nemar

Núna í haust byrjuðu þrír starfsmenn hjá okkur í leikskólakennarafræðum við HÍ auk þeirra eru við með tvo á örðu og þriðja ári í leikskólakennarafræðum og einn í meistaranámi í HÍ. Einn er að sækja sér viðbótarnám til að fá réttindi sem leikskólakennari í LHÍ. Alls eru því sjö starfsmenn hjá okkur í námi til að fá réttindi sem leikskólakennari. Kópavogsbær hefur gert samning við

alla nemana nema einn um aðstoð við námið og hafa þær skuldbundið sig til að vinna hjá Kópavogsbæ í ákveðinn tíma eftir að námi lýkur.

Viðhald

Skólatraðarhúsið er ónýtt og þarf að gera áætlun um hvað skal gera við það eins fljótt og auðið er. Allt viðhald búið að vera í lágmarki og aðstæður ekki góðar.

Stubbaselshúsið fékk gott viðhald síðasta sumar svo ekki er þörf á viðhaldi þar.

Urðarhólshúsið þarf að þétta og laga glugga á austurhlíðinni. Eldhúsið þarf endurnýjun og sett hefur verið útá staðsetningu á uppþvottavél. Starfsmanna aðstaðan þarf lagfæringu til að koma fyrir aðstöðu fyrir rennandi vatn og betri aðstöðu fyrir persónulega muni starfsmanna.

Garðurinn þarfnast viðhalds og mikilvægt að laga það sem hefur verið sett út á í úttekt BSÍ.

Öryggismál

Þörf er að huga að lagfæringum samkvæmt úttekt BSI á skólalóðum. Gerðar voru athugasemdir við fallvörn, málun á ljósastaurum viðhald á beðum. Stefnt er að því að halda skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmannahópinn þetta skólaár auk þess að yfirfara verkferla. Verður öryggisnefnd falin eftirfylgni þessa verkefnis.

Lokaorð

Síðasta skólaár gekk vel og var í senn viðburðaríkt og frábrugðið öðrum þar sem COVID-19 setti mark á skólastarfið á vorönn. Það sem kom okkur á óvart var að skerðing á skólastarfinu hafði góð áhrif á börnin þar sem þau fengu meira rými og athygli kennara. Þessar aðstæður gerði það af verkum að kennarar þurfa að hugsa aðeins út fyrir rammann og finna nýjar leiðir sem er líka jákvætt og fær okkur til að prófa nýja hluti. Við áttum von á meira óöryggi hjá barnahópnum á þessum tímum. Við sáum að meiri samvera foreldra og barna höfðu líka góð áhrif á barnahópinn.

Við erum spennt að sjá hvernig næsti vetur kemur til með að koma út. Við stöndum frammi fyrir áskorunum. Nýir kjarasamningar FL setja sitt mark á starfið þar sem aukinn undirbúningstími mun vonandi nýtast vel og draga úr álagi sem leikskólastarfið hefur í för með sér. Mikið hefur verið talað um álag, lítinn tíma til samráðs og undirbúnings skólastarfsins. Með aukningu á undirbúningstímum mun álag vonandi minnka og auka gæði leikskólastarfsins. Vinnutímastytting á að taka gildi 1. janúar 2021 og verður verkefni að koma því heim og saman án skerðingar á starfi eða til kostnaðarauka. Svo er spurning hvernig COVID-19 mun þróast og hvaða áhrif það hefur á starfið.

Við höldum áfram að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun. Það verður gaman að sjá hvernig þróunarverkefnið okkar í sjálfbærni kemur til með að þróast og hvort það gangi ekki vel með hænurnar og ormana.

Við erum þakklát fyrir þann flotta starfsmannahóp sem við erum með hér í Urðarhóli því það er ekki sjálfgefið að hafa þann mannauð sem hér er í húsi. Hver og einn leggur sitt að mörkum til að skapa góðan jarðveg fyrir auðugt lærdómssamfélag.

